

## **Reglur um námsmannaafslátt í leikskóla.**

Námsmenn sem stunda fullt nám á framhalds- eða háskólastigi og eiga börn á leikskólanum Ásgarði í Húnaþingi vestra geta sótt um endurgreiðslu af vistundargjaldi vegna barna sinna. Endurgreiðsla er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Námsmaður og barn hans eigi lögheimili í Húnaþingi vestra.
- Annað eða báðir foreldrar séu í fullu námi á framhalds- eða háskólastigi, þ.e. 15 einingum á önn.
- Námsmenn sækja um endurgreiðslu fyrir upphaf námsannar hverju sinni. Með umsókn, sem skal vera skrifleg, skal skila staðfestingu um skólavist frá viðkomandi skólastofnun þar er foreldrar/ foreldri stundar nám.
- Endurgreiðsla vistunargjalds er afturvirk miðað við námsönn.
- Skila skal staðfestingu á fullnægjandi námsárangri við lok námsannar.
- Veitt er 20% endurgreiðsla af heildar vistundargjaldi (ekki fæðisgjöldum) vegna viðkomandi námsannar foreldra/foreldris.
- Skrifstofustjóri Húnaþings vestra tekur á móti umsóknum og staðfestingu á námsárangri og gefur fyrirmæli um endurgreiðslu vistunargjalds.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 9. maí sl.

**Sveitarstjóri.**